

# Fundargerð 125. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 1. apríl kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálaum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Skólahald á tímum heimsfaraldurs - COVID-19 - 2003029SA

Farið var yfir framgang og stöðu skólahalds í sveitarfélögum og helstu áskoranir og álitæfni sem fulltrúar í fræðslumálanefnd hafa þurft að takast á við á tímum Coronaveirufaraldurs. Þá var greint frá samráðsfundum menntamálaráðherra með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stórum hópi hagsmunaaðila í tengslum við framkvæmd skólahalds á tímum Covid-19.

*Fræðslumálanefnd taldi mikilvægt að árétta, vegna misskilnings sem borið hefur á um hlutverk sambandsins, að það hefur ekki boðvald yfir sveitarfélögum og tekur engar miðlægar ákvarðanir um framkvæmd skólahalds. Þýðingarmikið sé að allar ákvarðanir og framkvæmd taki mið af stefnu heilbrigðisyfirvalda og því áhyggjuefni að KÍ skuli senda misvísandi skilaboð út til stjórnenda og starfsfólks skóla á sama tíma.*

*Fræðslumálanefnd lýsti yfir mikilli ánægju með þennan mikilvæga samráðsvettvang menntamálaráðherra og taldi hann hafa afar þýðingarmikið miðlunar-, samhæfingar- og upplýsingarhlutverk.*

### 3. Ráðstefna Byggðastofnunar um stöðu fámennra skóla í dreifðum byggðum 2020 - 2003051SA

Byggðastofnun gengst fyrir ráðstefnu 13. - 14. október nk. í samstarfi við sambandið þar sem ræða á stöðu og framtíð fámennra skóla á landsbyggðinni. Fræðslumálanefnd var beðin, í því samhengi, að velta fyrir sér hvað þau teldu brýnast í menntamálaum landsbyggðanna á næstu misserum.

*Fræðslumálanefnd leggur áherslu á að framboð á menntuðu og vel hæfu starfsfólki, bæði í leik- og grunnskólum, væri stærsta áskorunin til framtíðar. Huga verði að raunhæfum námsleiðum óháð búsetu, aðgengilegum starfsþróunarmöguleikum og auknu framboði á fjarnámskostum, bæði fyrir kennara og starfsfólk skóla en ekki síður fyrir nemendur. Gríðarlegt stökk hefur víða verið tekið sl. vikur á tímum Covid-19 faraldurs í þessa veru og framþróun í raun hraðað til mikilla muna. Þetta muni vafalítið hafa áhrif á þróun og getu skóla á landsbyggðinni til að viðhalda*

*gæðamenntun.*

## **2. Vinnufundir með mennta- og menningarmálaráðherra 2019-2024 - 1912019SA**

Menntamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga með sér formlegan og reglubundinn samráðsvettvang. Haldnir hafa verið 3 fundir, sá síðasti 17. mars sl. Fundargerð þess fundar var lögð fram til umræðu og leitað eftir hugmyndum fræðslumálanefndar að tillögum að fundarefni næstu funda. Dagsetning næsta fundar hefur ekki verið ákveðin.

*Fræðslumálanefnd leggur til að rædd verði aðgerðaáætlun sem fylgja á menntastefnu til 2030 og möguleg aðkoma sambandsins að útfærslu hennar, innleiðingu og kostnaðarmati.*

*Afar mikilvægt sé að útfæra fleiri leiðir til að efla menntun starfsfólks í leikskólum og skoða þátt raunfærnimats sérstaklega. Í því samhengi mætti einnig beina sjónum að stétt dagforeldra, sem horfir fram á verulega breytingu á sínum högum og starfsumhverfi gangi áform stjórnvalda eftir. Skoða þarf leiðir til að hagnýta starfskrafta þeirra og dýrmæta reynslu til framtíðar á vettvangi leikskólans.*

## **4. Menntastefna 2030 - drög að tillögu til þingsályktunar ásamt umsögn sambandsins - 2003013SA**

Þingsályktunartillaga um mótun menntastefnu til 2030 hefur verið lögð fram til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Sambandið hefur sent inn umsögn sem lögð var fram til kynningar og umfjöllunar. Valgerður Rún Benediktsdóttir, nýr lögfræðingur sambandsins, kynnti megininntak hennar. Fræðslumálanefndin fagnar framkominni þingsályktunartillögu um menntastefnu til 2030 og telur hana bæði framsýna og raunhæfa með þeim fyrirvara þó að innleiðing hennar og framkvæmd hvíli alfarið á aðgerðaáætlun sem eigi eftir að útfæra. Það verður með tímasettri og fjármagnaðri aðgerðaáætlun með tilreindum ábyrgðaraðilum sem raunverulegur ásetningur stjórnvalda verður ljós, sbr. dagskrárlíð 2 hér á undan.

## **5. Endurskoðun á 16 kafla aðalnámskrár grunnskóla um undanþágur frá skólasókn og skyldunámi - óskað umsagnar - 1910026SA**

16. kafla aðalnámskrár grunnskóla er nú endurskoðaður í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fjallar hann um undanþágur frá aðalnámskrá. Sambandið sendi ítarlegar tillögur til mnr. í byrjun mars, sem lagðar voru fyrir fræðslumálanefnd til kynningar. Endurskrifa þarf stóra hluta kaflans að mati sambandsins, m.a. í ljósi breyttra samfélagshátta, og einfalda þarf og samhæfa kröfur milli grunn- og framhaldsskólastigs svo dæmi sé tekið.

## **6. Drög að breytingu á viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla og umsögn sambandsins - 2003030SA**

Menntamálaráðherra hefur lagt til breytingar á viðmiðunarstundaskrá v/grunnskólans í framhaldi af lakri frammistöðu íslenskra nemenda í PISA. Sambandið hefur sent inn umsögn um fyrirhugaðar breytingar sem lagðar voru fram til kynningar og umfjöllunar.

*Fræðslumálanefnd tekur undir umsögn sambandsins og telur óæskilegt að ganga á valgreinar unglingsstigs með fjölgun tíma í bóklegum greinum þó rík ástæða sé til að efla færni nemenda bæði í íslensku og náttúruvísindum. Nýta ætti tækifærið nú til heildarendurskoðunar á viðmiðunarstundaskrá, taka umræðu um gildi hennar fyrir*

skólastarf og möguleika á annars konar og gagnlegri heildarskipan. Minna svigrúm til valgreina gengur í berhögg við nýja stefnu ráðherra um eflingu verk-, list-, starfs- og tæknigreina. Nefndin telur sjónarhorn þessara breytingatillagna vera of þröngt, ekki sé fjallað um inntak viðbótartíma en einblínt á umgjörðina. Skoða þurfi þessar breytingar í samhengi við áherslur nýrrar menntastefnu, skipan skólastiganna og lengd og hagnýtingu skólaársins.

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Anna Magnea Hreinsdóttir

---

Einar Már Sigurðarson

---

Helgi Arnarson

---

Herdís Ásu Sæmundardóttir

---

Skúli Þór Helgason